

TILSKIPUN RÁÐSINS**frá 12. júní 1989****um lögleiðingu ráðstafana er stuðla að bættu öryggi og heilsu starfsmanna á vinnustöðum****(89/391/EBE)**

RÁÐ EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu, einkum 118. gr. a,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar ⁽¹⁾, sem samin var í samráði við ráðgjafarnefndina um öryggi, hollustuhætti og heilsuvernd á vinnustöðum,í samvinnu við Evrópuþingið ⁽²⁾,með hliðsjón af álitni efnahags- og félagsmálanefndarinnar ⁽³⁾,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

Í 118. gr. a í sáttmálanum er kveðið á um að ráðið skuli, með tilskipunum, samþykkja lágmarkskröfur til að stuðla að úrbótum, einkum á vinnuumhverfi, til að tryggja betur öryggi og heilsu starfsmanna.

Tilskipun þessi réttlætir ekki á neinn hátt að dregið sé úr þeirri vernd sem þegar hefur verið komið á í einstökum aðildarríkjum, þar eð aðildarríkjum ber, samkvæmt sáttmálanum, að stuðla að því að aðstæður á þessu sviði batni, svo og að samhæfa aðstæðurnar samtímis því að umbótum sé viðhaldið.

Vitað er að starfsmenn geta á starfsævi sinni orðið fyrir áhrifum af hættulegum umhverfisþáttum á vinnustöðum.

⁽¹⁾ Stjttíð. EB nr. C 141, 30. 5. 1988, bls. 1.⁽²⁾ Stjttíð. EB nr. C 326, 19. 12. 1988, bls. 102 og Stjttíð. EB nr. C 158, 26. 6. 1989.⁽³⁾ Stjttíð. EB nr. C 175, 4. 7. 1988, bls. 22.

Samkvæmt 118. gr. a í sáttmálanum ber að forðast í slíkum tilskipunum að setja stjórnunarlegar, fjárhagslegar og laga- legar skorður sem hindra myndu stofnun og þróun lítilla og meðalstórra fyrirtækja.

Í orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar um áætlun þá er varðar öryggi, hollustuhætti og heilbrigði á vinnustöðum ⁽⁴⁾ er kveðið á um að samþykkja skuli tilskipanir sem ætlað er að tryggja öryggi og heilsu starfsmanna.Ráðið tók, í ályktun sinni frá 21. desember 1987 um öryggi, hreinlæti og hollustuhætti á vinnustað ⁽⁵⁾, tillit til þeirra áforma framkvæmdastjórnarinnar að leggja í náinni framtíð fyrir það tilskipun um skipulag er varðar öryggi og heilsu starfsmanna á vinnustöðum.

Í kjölfar umræðna um hinn sameiginlega markað og vernd starfsmanna samþykkti Evrópuþingið í febrúar 1988 fjórar ályktanir. Í ályktunum þessum er framkvæmdastjórnin hvött til að semja rammatilskipun sem lögð yrði til grundvallar sértækari tilskipunum er næðu til hvers kyns áhættu í tengslum við öryggi og hollustu á vinnustöðum.

Aðildarríkjunum ber að stuðla að bættu öryggi og heilsu starfsmanna á eigin yfirráðasvæði. Séu ráðstafanir gerðar til að vernda heilsu og öryggi starfsmanna stuðlar það einnig í vissum tilvikum að heilbrigði og hugsanlega einnig öryggi annarra sem eru búsettir hjá þeim.

⁽⁴⁾ Stjttíð. EB nr. C 28, 3. 2. 1988, bls. 3.⁽⁵⁾ Stjttíð. EB nr. C 28, 3. 2. 1988, bls. 1.

Löggjöf um öryggi og hollustu á vinnustöðum er afar mismunandi í aðildarríkjunum og þarfnast umbóta. Innlend ákvæði um þetta efni, sem oft fela í sér tækniforskriftir og/eða viðmiðunarstaðla, geta leitt til þess að kröfur um öryggi og heilsuvernd verða mismiklar og getur slíkt rutt brautina fyrir samkeppni á kostnað öryggis og hollustu.

Vinnuslys og atvinnusjúkdómar eru enn of tíð. Grípa verður til forvarnarráðstafana eða bæta þær án tafar til að tryggja öryggi og heilsu starfsmanna og aukna vernd.

Til að tryggja aukna vernd verður að upplýsa starfsmenn og/eða fulltrúa þeirra um þær hættur sem öryggi þeirra og heilsu eru búnar og þær ráðstafanir sem gera þarf til að draga úr hættum þessum eða útiloka þær. Þeir verða einnig að vera í aðstöðu til að stuðla sjálfir að því, með eðlilegri þátttöku í samræmi við landslög og/eða venjur, að nauðsyn-
legrar verndarráðstafanir séu gerðar.

Efla ber upplýsingaskipti, viðræður og eðlilega þátttöku í málum er varða öryggi og hollustu á vinnustöðum meðal vinnuveitenda og starfsmanna og/eða fulltrúa þeirra með viðeigandi starfsháttum og réttarreglum, í samræmi við landslög og/eða venjur.

Umbætur er varða öryggi, hollustuhætti og heilsu starfsmanna á vinnustöðum er markmið sem má ekki víkja fyrir hreinum efnahagssjónarmiðum.

Skylda skal vinnuveitendur til að fylgjast með nýjustu tækni og niðurstöðum rannsókna er varða hönnun vinnustaða, með tilliti til þeirrar áhættu sem í starfsemi er fólgin og til að upplýsa í samræmi við það þá fulltrúa starfsmanna sem notfæra sér rétt sinn til þátttöku samkvæmt tilskipun þessari, svo tryggja megi starfsmönnum aukna vernd hvað varðar heilsu og öryggi.

Ákvæði þessarar tilskipunar gilda, með fyrirvara um strangari ákvæði sem í gildi eru eða verða sett í bandalaginu, um hvers kyns áhættu og einkum þá er hlýst af notkun efna-, eðlis- eða líffræðilegra áhrifavalda við vinnu, þeirra er tilskipun 80/1107/EBE ⁽¹⁾ nær til, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 88/642/EBE ⁽²⁾.

Samkvæmt ákvörðun 74/325/EBE ⁽³⁾ skal framkvæmdastjórnin hafa samráð við ráðgjafarnefndina um öryggi, holl-

ustuhætti og heilsuvernd á vinnustöðum þegar samin eru drög að tillögum á þessu sviði.

Setja þarf á fót nefnd með fulltrúum sem tilnefndir eru af aðildarríkjunum til að aðstoða framkvæmdastjórnina við tæknilega aðlögun sértilskipana þeirra sem kveðið er á um í þessari tilskipun.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

I. ÞÁTTUR

ALMENN ÁKVÆÐI

1. gr.

Markmið

1. Markmið tilskipunar þessarar er að gera ráðstafanir til að stuðla að því að öryggi og heilsa starfsmanna á vinnustöðum verði bætt.

2. Í þessu skyni eru hér settar fram almennar meginreglur um forvarnir gegn áhættu við störf, verndun öryggis og heilsu, útilokun þeirra þátta er bjóða hættu heim eða valda slysum, upplýsingar, samráð, eðlilega þátttöku í samræmi við landslög og/eða venjur og þjálfun starfsmanna og fulltrúa þeirra, svo og almennar viðmiðanir við framkvæmd tédra meginreglna.

3. Tilskipun þessi skal þó ekki brjóta í bága við ákvæði einstakra landa eða bandalagsins, sem eru í gildi eða kunna að verða sett, þar sem lengra er gengið í að standa vörð um öryggi og heilsu starfsmanna við vinnu.

2. gr.

Gildissvið

1. Tilskipun þessi gildir um alla starfsemi á vegum hins opinbera eða einkaaðila (iðnað, landbúnað, verslun, stjórnun, þjónustu, menntun, menningarstarfsemi, frístundaíðju o.s.frv.).

2. Tilskipun þessi gildir ekki í þeim tilvikum þegar sérstakar aðstæður tengdar tiltekinni starfsemi hins opinbera, svo sem her eða lögreglu, eða tiltekinni starfsemi á sviði almannavarna, stangast ótvírætt á við hana.

Sé þetta raunin skal tryggja öryggi og heilsu starfsmanna svo sem kostur er í samræmi við markmið þessarar tilskipunar.

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. L 327, 3. 12. 1980, bls. 8.

⁽²⁾ Stjtið. EB nr. L 356, 24. 12. 1988, bls. 74.

⁽³⁾ Stjtið. EB nr. L 185, 9. 7. 1974, bls. 15.

3. gr.

Skilgreiningar

Í tilskipun þessari er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- a) „starfsmaður“: hver sá sem ráðinn er af vinnuveitanda, þar með taldir nemar og lærlingar, en að undanskildum þeim er vinna við heimilisaðstoð;
- b) „vinnuveitandi“: hver sá einstaklingur eða lögaðili sem hefur starfsmenn í vinnu og ber ábyrgð á fyrirtæki eða stofnun;
- c) „öryggis- og heilbrigðisfulltrúi starfsmanna“: hver sá einstaklingur sem kosinn er, valinn eða tilnefndur í samræmi við landslög og/eða venjur til að vera fulltrúi starfsmanna þegar upp koma vandamál í tengslum við öryggi og heilsu þeirra við vinnu;
- d) „forvarnir“: allar aðgerðir eða ráðstafanir sem hafa verið eða verða gerðar í tengslum við alla þætti í starfsemi fyrirtækisins, er miða að því að fyrirbyggja eða draga úr áhættu við störf.

4. gr.

1. Aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að lagaákvæði þau sem nauðsynleg eru til að framkvæma þessa tilskipun nái til vinnuveitenda, starfsmanna og fulltrúa starfsmanna.
2. Aðildarríki skulu einkum tryggja viðunandi stjórnun og eftirlit.

II. ÞÁTTUR

SKYLDUR VINNUVEITENDA

5. gr.

Almennt ákvæði

1. Vinnuveitanda er skylt að tryggja öryggi og heilsu starfsmanna við allar aðstæður í vinnu.
2. Þótt vinnuveitandi fái til liðs við sig hæfa utanaðkomandi þjónustuaðila eða einstaklinga, skv. 3. mgr. 7. gr., leysir það hann ekki undan ábyrgð á þessu sviði.
3. Skyldur starfsmanna á sviði öryggis og hollustu við vinnu skulu ekki hafa áhrif á meginregluna um ábyrgð vinnuveitandans.
4. Tilskipun þessi skal ekki takmarka möguleika aðildarríkjanna til að létta ábyrgð af vinnuveitanda eða takmarka hana, sé orsaka atvika að leita í óvenjulegum og ófyrirsjáanlegum kringumstæðum sem vinnuveitandi fær ekki stjórn-

að, eða í atburðum er til undantekninga teljast og hafi ekki verið gerlegt að forðast afleiðingarnar þótt ítrasta aðgát hafi verið sýnd.

Aðildarríkjum er ekki skylt að nýta möguleika þann sem um getur í fyrstu undirgrein.

6. gr.

Almennar skyldur vinnuveitenda

1. Ábyrgð vinnuveitanda felst í því að hann skal gera nauðsynlegar ráðstafanir er lúta að öryggi og heilsuvernd starfsmanna, þar með taldar forvarnir gegn áhættu í starfi, fræðsla og þjálfun, svo og að séð sé fyrir nauðsynlegri skipulagningu og viðbúnaði.

Vinnuveitandi skal vera vakandi fyrir því að laga þessar ráðstafanir að breyttum kringumstæðum og hafa að markmiði að bæta ríkjandi aðstæður.

2. Vinnuveitandi skal koma í framkvæmd ráðstöfunum þeim sem um getur í fyrstu undirgrein 1. mgr. er byggjast á þeim almennu meginreglum um forvarnir sem hér fara á eftir:

- a) að forðast áhættu;
- b) að meta áhættu sem ekki er hægt að forðast;
- c) að sporna gegn því að áhætta geti skapast;
- d) að laga vinnuferlið að einstaklingnum, einkum þegar vinnustaður er hannaður, og þegar valin eru tæki og vinnu- og framleiðsluaðferðir; skal þetta einkum gert í því augnamiði að draga úr einhæfni við færibandavinnu eða vinnu sem líkist henni svo koma megi í veg fyrir heilsuspillandi áhrif sem slíkt kann að hafa á starfsmenn;
- e) að aðlagast tækniframförum;
- f) að skipta á því sem er hættulegt og því sem er ekki hættulegt eða er síður hættulegt;
- g) að móta heildstæða stefnu um forvarnir sem tekur til tækni, skipulagningar vinnunnar, vinnuskilyrða, félagslegra tengsla og þátta er tengjast vinnuumhverfi;
- h) að ráðstafanir til verndar starfsmönnum almennt hafi forgang fram yfir ráðstafanir til að vernda einstaka menn;
- i) að starfsmenn fái viðeigandi tilsögn.

3. Með fyrirvara um önnur ákvæði tilskipunar þessarar og með hliðsjón af því hvers eðlis starfsemi fyrirtækisins og/eða stofnunarinnar er, skal vinnuveitandi:

- a) meta þá áhættu sem tekin er hvað varðar öryggi og heilsu starfsmanna, meðal annars með vali á tækjum, efnum eða efnablöndum sem notaðar eru, sem og innréttingar á vinnustað.

Eftir að áhættan hefur verið metin og á þann hátt sem nauðsynlegt er, skulu forvarnarráðstafanir, vinnu- og framleiðsluaðferðir sem vinnuveitandi beitir:

- tryggja starfsmönnum betri vernd með tilliti til öryggis og heilsu,
- vera felldar inn í alla starfsemi fyrirtækisins og/eða stofnunarinnar og á öllum þrepum;

- b) þegar starfsmanni eru falin tiltekin verkefni, taka tillit til færni hans að því er varðar heilsu og öryggi;
- c) tryggja að þegar gerðar eru áætlanir um nýja tækni eða hún innleidd sé haft samráð við starfsmenn og/eða fulltrúa þeirra, hvað varðar afleiðingar sem val á tækjum, vinnuskilyrði og vinnuumhverfi hafa fyrir öryggi og heilsu starfsmanna;
- d) taka viðeigandi skref í þá átt að tryggja að einungis þeir starfsmenn sem hlotið hafa nægilega tilsögn hafi aðgang að svæðum þar sem alvarleg og sérstök hættu er á ferðum.

4. Ef nokkur fyrirtæki skipta með sér sama vinnustað skulu vinnuveitendur, sbr. þó önnur ákvæði þessarar tilskipunar, vinna sameiginlega að því að koma í framkvæmd ákvæðnum um öryggi, hollustuhætti og heilbrigði í starfi og, með hliðsjón af eðli starfseminnar, samræma aðgerðir sínar á sviði verndar og forvarna gegn áhættu í starfi, og skulu þeir upplýsa hvern annan og starfsmenn sína og/eða fulltrúa þeirra um áhættuna.

5. Kostnaður af ráðstöfunum er tengjast öryggi, hollustuháttum og heilbrigði á vinnustöðum má ekki undir neinum kringumstæðum leggjast á starfsmenn.

7. gr.

Þjónusta á sviði verndar og forvarna

1. Með fyrirvara um skyldur þær sem greint er frá í 5. og 6. gr. skal vinnuveitandi tilnefna einn eða fleiri starfsmenn til að vinna að vernd og forvörnum gegn áhættu í starfi innan fyrirtækisins og/eða stofnunarinnar.

2. Þeir starfsmenn sem tilnefndir eru skulu í engu gjalda vinnu sinnar að vernd og forvörnum gegn áhættu í starfi.

Starfsmönnum, sem tilnefndir eru, skal ætlaður nægilegur tími til að sinna skyldum þeim er tilskipun þessi leggur þeim á herðar.

3. Ef ekki er unnt að gera slíkar ráðstafanir til verndar eða forvarna, vegna þess að hæft starfsfólk er ekki að finna í fyrirtækinu og/eða stofnuninni, skal vinnuveitandi fá til liðs

við sig hæfa utanaðkomandi þjónustuaðila eða einstaklinga.

4. Þegar vinnuveitandi fær slíka þjónustuaðila eða einstaklinga til liðs við sig skal hann upplýsa þá um þætti sem vitað er eða grunur leikur á að hafi áhrif á öryggi og heilsu starfsmanna og skulu þeir hafa aðgang að upplýsingum þeim sem um getur í 2. mgr. 10. gr.

5. Undir öllum kringumstæðum skulu:

- þeir starfsmenn sem eru tilnefndir hafa nauðsynlega færni og aðstöðu,

- þeir utanaðkomandi þjónustuaðilar eða einstaklingar, sem leitað er ráða hjá, hafa nauðsynlega hæfni og einstaklingsbundin og fagleg ráð,

og

- starfsmenn sem eru tilnefndir og utanaðkomandi þjónustuaðilar eða ráðgjafar vera nægilega margir

til að fást við skipulagningu verndar- og forvarnarráðstafana, með hliðsjón af stærð fyrirtækisins og/eða stofnunarinnar og/eða þeirri áhættu sem starfsmenn búa við, sem og því hvernig hún dreifist innan fyrirtækisins og/eða stofnunarinnar.

6. Einn eða fleiri starfsmenn, eða þjónustuaðilar innan eða utan fyrirtækja og/eða stofnana, skulu bera ábyrgð á vernd og forvörnum gegn þeirri áhættu varðandi öryggi og heilsu sem grein þessi fjallar um.

Starfsmanninum (starfsmönnunum) og/eða utanaðkomandi aðilanum (aðilunum) ber að vinna saman hvenær sem þörf krefur.

7. Aðildarríkjum er heimilt að skilgreina, með tilliti til eðlis starfseminnar og stærðar fyrirtækjanna, flokka fyrirtækja þar sem vinnuveitanda er sjálfum heimilt að ábyrgjast ráðstafanir þær sem um getur í 1. mgr., svo fremi að hann hafi færni til þess.

8. Aðildarríki skulu skilgreina nauðsynlega færni og hæfni sem um getur í 5. mgr.

Þeim er heimilt að ákvarða nægilegan fjölda af því tagi sem um getur í 5. mgr.

8. gr.

Skyndihjálpar, slökkvistarfar og brottflutningur starfsmanna, bráð hætta

1. Vinnuveitandi skal:

- gera nauðsynlegar ráðstafanir til skyndihjálpar, slökkvistarfs og brottflutnings starfsmanna, eins og

hæfir eðli starfseminnar og stærð fyrirtækisins og/eða stofnunarinnar og að teknu tilliti til annarra á staðnum,

— koma á sambandi við utanaðkomandi þjónustuaðila, einkum að því er varðar skyndihjálp, læknishjálp í neyð, björgun og slökkvistarf.

2. Samkvæmt 1. mgr. skal vinnuveitandi í sambandi við skyndihjálp, slökkvistarf og brottflutning starfsmanna meðal annars tilnefna þá starfsmenn sem koma skulu slíkum ráðstöfunum í framkvæmd.

Fjöldi slíkra starfsmanna, þjálfun þeirra og búnaður sem þeir hafa yfir að ráða skal vera eins og hæfir stærð fyrirtækisins og/eða stofnunarinnar og/eða sérstakrar hættu sem tengist því.

3. Vinnuveitandi skal:

- a) upplýsa alla starfsmenn sem eru í eða kunna að lenda í bráðri hættu, svo skjótt sem auðið er, um hver áhættan er og til hvaða aðgerða hefur verið eða á að grípa til í verndarskygni;
- b) grípa til aðgerða og gefa fyrirmæli svo að starfsmenn geti samstundis lagt frá sér vinnu og/eða forðað sér af vinnustað á annan öruggari stað ef um bráða og óhjákvæmilega hættu er að ræða;
- c) eigi æskja þess að starfsmenn hefji vinnu á ný á meðan bráð hættu er fyrir hendi, nema í undantekningartilvikum og af rækilega rökstuddum ástæðum.

4. Starfsmenn skulu í engu gjalda þess hafi þeir yfirgefið vinnuadstöðu sína vegna bráðrar og óhjákvæmilegrar hættu og skal þeim veitt vernd gegn hvers kyns skaðlegum og óréttmætum afleiðingum, í samræmi við landslög og/eða venjur.

5. Vinnuveitanda ber að tryggja að starfsmenn geti, ef öryggi þeirra og/eða annarra er stefnt í bráða hættu og ekki er hægt að ná sambandi við næstráðandi yfirmann sem er ábyrgur, gripið sjálfir til viðeigandi aðgerða til að komast hjá afleiðingum hættunnar, í ljósi vitneskju sinnar og tæknilegra ráða sem tiltæk eru.

Aðgerðir þeirra mega ekki bitna á þeim, nema þeir hafi sýnt kæruleysi eða vanrækslu.

9. gr.

Ýmsar skyldur vinnuveitenda

1. Vinnuveitandi skal:

- a) hafa undir höndum mat á áhættu er varðar öryggi og hollustu á vinnustað, að meðtalinni þeirri áhættu sem sérstökum hópum starfsmanna er búin;

b) ákveða hvaða verndarráðstafanir skal gera og, ef nauðsyn krefur, hvaða hlífðarbúnað ber að nota;

c) halda skrá yfir vinnuslys sem valda því að starfsmaður er frá vinnu lengur en þrjá vinnudaga;

d) taka saman skýrslur um vinnuslys sem starfsmenn hans verða fyrir, til handa ábyrgum yfirvöldum og í samræmi við landslög og/eða venjur.

2. Aðildarríkin skulu, með tilliti til eðlis starfseminnar og stærðar fyrirtækjanna, skilgreina skyldur sem fyrirtækjum af hinum ýmsu gerðum eru lagðar á herðar að því er varðar gerð skjala þeirra sem kveðið er á um í a- og b-liðum 1. mgr. og undirbúning skjala þeirra sem kveðið er á um í c- og d-liðum 1. mgr.

10. gr.

Upplýsingar til starfsmanna

1. Vinnuveitandi skal gera viðeigandi ráðstafanir til að starfsmenn og/eða fulltrúar þeirra innan fyrirtækisins og/eða stofnunarinnar fái, í samræmi við landslög og/eða venjur þar sem meðal annars er hægt að taka mið af stærð fyrirtækisins og/eða stofnunarinnar, allar nauðsynlegar upplýsingar um:

a) áhættu sem öryggi og heilsu er búin og verndar- og forvarnarráðstafanir og aðgerðir er snerta bæði fyrirtækið og/eða stofnunina almennt og hverja gerð vinnuadstöðu og/eða starfs;

b) ráðstafanir sem gerðar eru samkvæmt 2. mgr. 8. gr.

2. Vinnuveitandi skal gera viðeigandi ráðstafanir til að vinnuveitendur starfsmanna annarra fyrirtækja og/eða stofnana sem hafa með höndum verk innan fyrirtækis hans og/eða stofnunar, fái, í samræmi við landslög og/eða venjur, nægilegar upplýsingar um atriði þau sem um er rætt í a- og b-liðum 1. mgr. og ætlaðar eru umræddum starfsmönnum.

3. Vinnuveitandi skal gera viðeigandi ráðstafanir til að starfsmenn sem sérstaklega er ætlað að sinna verndun öryggis og heilsu eða öryggis- og heilbrigðisfulltrúar starfsmanna hafi, í samræmi við landslög og/eða venjur, aðgang að:

a) áhættumati því og verndarráðstöfunum sem um getur í a- og b-liðum 1. mgr. 9. gr.;

- b) skránni og skýrslunum sem um er rætt í c- og d-liðum 1. mgr. 9. gr.;
- c) upplýsingum þeim er í ljós koma við verndar- og forvarnarráðstafanir og upplýsingum frá eftirlitsstofnunum og aðilum sem bera ábyrgð á málefnum er varða öryggi og hollustuvernd.

11. gr.

Samráð við starfsmenn og þátttaka þeirra

1. Vinnuveitendur skulu hafa samráð við starfsmenn og/eða fulltrúa þeirra og heimila þeim að taka þátt í umræðum um öll mál er tengjast öryggi og hollustu á vinnustöðum.

Þetta felur í sér:

- að haft er samráð við starfsmenn,
- að starfsmenn og/eða fulltrúar þeirra hafa tillögurétt,
- eðlilega þátttöku í samræmi við landslög og/eða venjur.

2. Starfsmönnum þeim sem bera sérstaka ábyrgð á öryggi og hollustuvernd, eða öryggis- og heilbrigðisfulltrúum starfsmanna, skal tryggð eðlileg þátttaka í samræmi við landslög og/eða venjur, eða að vinnuveitandi hafi samráð fyrirfram og tímanlega við þá, í sambandi við:

- a) allar ráðstafanir sem geta haft umtalsverð áhrif á öryggi og hollustu;
- b) tilnefningu þeirra starfsmanna sem um getur í 1. mgr. 7. gr. og 2. mgr. 8. gr., svo og starf það sem um getur í 1. mgr. 7. gr.;
- c) upplýsingarnar sem um getur í 1. mgr. 9. gr. og 10. gr.;
- d) ráðningu hæfra þjónustuaðila eða einstaklinga utan fyrirtækisins og/eða stofnunarinnar, eins og um getur í 3. mgr. 7. gr., eftir því sem við á;
- e) skipulagningu og fyrirkomulag þjálfunar þeirrar sem um getur í 12. gr.

3. Öryggis- og heilbrigðisfulltrúar starfsmanna skulu hafa rétt til að æskja þess að vinnuveitandi geri viðeigandi ráðstafanir og til að leggja fyrir hann tillögur þar að lútandi, til að draga úr hættu sem starfsmönnum er búin og/eða komast fyrir orsakir hennar.

4. Starfsmenn þeir sem um getur í 2. mgr. og fulltrúar starfsmanna sem um getur í 2. og 3. mgr. skulu í engu gjalda þeirra starfa sinna sem um getur í 2. og 3. mgr.

5. Vinnuveitendum er skylt að heimila öryggis- og heilbrigðisfulltrúum starfsmanna að taka þann tíma frá vinnu

sem með þarf án þess að laun skerðist og gera þeim kleift að beita rétti sínum og inna þær skyldur af hendi sem kveðið er á um í tilskipun þessari.

6. Starfsmenn og/eða fulltrúar þeirra eiga, í samræmi við landslög og/eða venjur, rétt á að skjóta málum til yfirvalds þess sem ábyrgð ber á öryggi og hollustu á vinnustöðum, telji þeir að ráðstafanir þær sem gerðar hafa verið og úrræði þau sem vinnuveitandi notast við tryggi ekki öryggi og hollustu á vinnustað svo viðunandi sé.

Fulltrúum starfsmanna ber að fá tækifæri til að leggja athugasemdir sínar fyrir lögbært yfirvald þegar það kemur í eftirlitsferðir á vinnustaðinn.

12. gr.

Þjálfun starfsmanna

1. Vinnuveitandi skal tryggja að hver starfsmaður fái nægilega þjálfun að því er varðar öryggi og hollustu, meðal annars með upplýsingum og tilsögn sem sniðin er að vinnuástandi hans og starfi:

- um leið og hann er ráðinn til starfa,
- ef hann er fluttur á annan stað eða í annað starf,
- ef nýr búnaður er tekinn í notkun eða búnaði er breytt,
- ef ný tækni er innleidd.

Þjálfunina skal:

- laga að nýjum eða breyttum áhættuþáttum, og
- endurtaka reglulega ef þörf er á.

2. Vinnuveitandi skal tryggja að starfsmenn annarra fyrirtækja og/eða stofnana sem hafa með höndum verk innan fyrirtækis hans og/eða stofnunar hafi í raun fengið viðeigandi tilsögn um áhættu er varðar öryggi og heilsu á meðan verkið er unnið innan fyrirtækis hans og/eða stofnunar.

3. Öryggis- og heilbrigðisfulltrúar starfsmanna skulu eiga rétt á viðeigandi þjálfun.

4. Kostnaður við þjálfunina sem um getur í 1. og 3. mgr. má ekki leggjast á starfsmenn eða fulltrúa þeirra.

Þjálfunin sem um getur í 1. mgr. verður að fara fram á vinnutíma.

Þjálfunin sem um getur í 3. mgr. verður að fara fram á vinnutíma eða í samræmi við það sem tíðkast innanlands, annaðhvort innan eða utan fyrirtækisins og/eða stofnunarinnar.

III. ÞÁTTUR

SKYLDUR STARFSMANNA

13. gr.

1. Sérhver starfsmaður er ábyrgur fyrir því að gæta eigin öryggis og heilsu eftir því sem hann hefur tök á, svo og annarra einstaklinga sem aðgerðir hans eða aðgerðaleysi á vinnustað snertir, í samræmi við þjálfun hans og fyrirmæli þau er vinnuveitandi hefur gefið honum.

2. Í þessu skyni ber starfsmönnum einkum, í samræmi við þjálfun sína og fyrirmæli þau er vinnuveitandi hefur gefið, að gæta þess að:

- nota vélar, tæki, verkfæri, hættuleg efni, flutningatæki og annan búnað á réttan hátt;
- nota persónuhlífar sem þeim er séð fyrir á réttan hátt og skila þeim á sinn stað eftir notkun;
- taka ekki úr sambandi, né heldur breyta eða fjarlægja að geðþótta uppsettan öryggisbúnað, svo sem við vélar, tæki, verkfæri, búnað og byggingar, og að nota öryggisbúnaðinn rétt;
- upplýsa vinnuveitanda og/eða þá starfsmenn sem hafa sérstöku hlutverki að gegna við vernd öryggis og heilsu án tafar um allar aðstæður við vinnu þar sem ljóst má telja að öryggi og heilsu sé bráð hætta búin og um alla ágalla á fyrirkomulagi sem ætlað er til verndar;
- hafa samstarf, í samræmi við landslög og/eða venjur, við vinnuveitanda og/eða þá starfsmenn sem hafa sérstöku hlutverki að gegna við vernd öryggis og heilsu, svo lengi sem þörf kann að vera á til að hægt sé að sinna þeim verkum eða verða við þeim kröfum sem lögbært yfirvald hefur sett til verndunar öryggis og heilsu starfsmanna á vinnustöðum;
- hafa samstarf, í samræmi við landslög og/eða venjur, við vinnuveitanda og/eða þá starfsmenn sem hafa sérstöku hlutverki að gegna við vernd öryggis og heilsu, svo lengi sem þörf kann að vera á til að vinnuveitandi geti tryggt öruggt vinnuumhverfi og vinnuskilyrði og svo að öryggi og heilsu sé engin hætta búin á athafnasvæði þeirra.

IV. ÞÁTTUR

ÝMIS ÁKVÆÐI

14. gr.

Heilsuverndareftirlit

1. Til að tryggja að litið sé eftir heilsu starfsmanna í samræmi við áhættuna sem starf þeirra felur í sér gagnvart öryggi þeirra og heilsu, skal gera ráðstafanir í samræmi við landslög og/eða venjur.

2. Ráðstafanirnar sem um getur í 1. mgr. skulu vera á þá leið að sérhverjum starfsmanni sé heimilt að gangast undir heilsuverndareftirlit með reglulegu millibili ef hann kys það.

3. Heimilt er að heilsuverndareftirlitið fari fram á vegum heilbrigðiskerfis landsins.

15. gr.

Áhættuhópar

Vernda ber áhættuhópa sem eru sérlega viðkvæmir fyrir þeim hættum sem stöðja einkum að þeim.

16. gr.

Sértilskipanir — Breytingar

Almennt gildissvið tilskipunar þessarar

1. Ráðið skal, að fenginni tillögu framkvæmdastjórnarinnar samkvæmt 118. gr. a í sáttmálanum, samþykkja sértilskipanir, meðal annars á þeim sviðum sem talin eru upp í viðaukanum.

2. Heimilt er að breyta tilskipun þessari og, með fyrirvara um tilhögun þá sem um getur í 17. gr. og varðar tæknilega aðlögun, sértilskipununum í samræmi við tilhögun þá sem kveðið er á um í 118. gr. a í sáttmálanum.

3. Ákvæði tilskipunar þessarar skulu gilda að öllu leyti á þeim sviðum sem sértilskipanirnar taka til, samanber þó strangari og/eða sérhæfðari ákvæði sem sértilskipanirnar hafa að geyma.

17. gr.

Nefnd

1. Ef gera á breytingar, sem eru einvörðungu tæknilegar, á sértilskipunum þeim sem kveðið er á um í 1. mgr. 16. gr., til að laga þær að:

— samþykkt tilskipana um tæknilega samhæfingu og stöðlun,
og/eða

— tækniframförum, breytingum á alþjóðlegum reglugerðum eða tækniforskriftum og nýrri þekkingu,

skal nefnd, skipuð fulltrúum aðildarríkjanna undir formennsku fulltrúa framkvæmdastjórnarinnar, vera framkvæmdastjórninni til aðstoðar.

2. Fulltrúi framkvæmdastjórnarinnar skal leggja fyrir nefndina drög að þeim ráðstöfunum sem gera skal.

Nefndin lætur í ljós álit sitt á drögum innan tímamarka sem formaður setur eftir því hversu brýnt málið er.

Þegar um er að ræða ákvarðanir sem krafist er að ráðið samþykki samkvæmt tillögu framkvæmdastjórnarinnar, skal álitíð gefið með þeim meirihluta sem kveðið er á um í 2. mgr. 148. gr. sáttmálans.

Atkvæði fulltrúa aðildarríkjanna skulu vega eins og mælt er fyrir um í téðri grein. Formaður greiðir ekki atkvæði.

3. Framkvæmdastjórnin samþykkir fyrirhugaðar ráðstafanir svo fremi sem þær eru í samræmi við álit nefndarinnar.

Ef fyrirhugaðar ráðstafanir samrýmast ekki álit nefndarinnar, eða ef hún skilar ekki álit, ber framkvæmdastjórninni án tafar að leggja fram tillögu til ráðsins um ráðstafanir sem gera skal. Ráðið afgreiðir málið á grundvelli aukins meirihluta.

Ef ráðið hefur ekkert aðhafst innan þriggja mánaða frá því að tillögurnar voru lagðar fram skal framkvæmdastjórnin samþykkja fyrirhugaðar ráðstafanir.

18. gr.

Lokaákvæði

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnisýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari fyrir 31. desember 1992.

Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

2. Aðildarríki skulu senda framkvæmdastjórninni texta helstu ákvæða úr þeim lögum sem sett eru eða hafa þegar verið sett á því sviði sem þessi tilskipun nær til.

3. Aðildarríki skulu gefa framkvæmdastjórninni skýrslu fimmta hvert ár um hver reynslan hefur orðið af framkvæmd ákvæða þessarar tilskipunar, þar sem fram komi sjónarmið vinnuveitenda og starfsmanna.

Framkvæmdastjórnin skal upplýsa Evrópuþingið, ráðið, efnahags- og félagsmálanefndina og ráðgjafarnefndina um öryggi, hollustuhætti og heilsuvernd á vinnustöðum, um þessi efni.

4. Framkvæmdastjórnin skal leggja skýrslu um framkvæmd þessarar tilskipunar með reglubundnu millibili fyrir Evrópuþingið, ráðið og efnahags- og félagsmálanefndina, með hliðsjón af 1. og 3. mgr.

19. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Lúxemborg 12. júní 1989.

Fyrir hönd ráðsins,

M. CHAVES GONZALES

forseti.

VIÐAUKI

Listi yfir svið sem um getur í 1. mgr. 16. gr.

- Vinnustaðir
- Tæki
- Persónuhlífar
- Skjávinnu
- Að handleika byrðar ef hætta er á bakmeiðslum
- Tímabundnir eða færanlegir vinnustaðir
- Sjávarútvegur og landbúnaður